Landsfundarboð

Með þessu bréfi er boðað til Landsfundar Zontaklúbbanna á Íslandi,
á Hótel Natura í Reykjavík 11. september 2021.

Samkvæmt lögum Zontasambands Íslands (ZI) skal boða fund með a.m.k. 8 vikna fyrirvara.

Samkvæmt lögum ZI heldur heimaklúbbur svæðisstjóra fundinn, Zontaklúbburinn Sunna, með aðkomu svæðisstjóra.

Yfirskrift fundar verður ***Frelsið er yndislegt*** því að nú sér fyrir endann á Covid og ný íbúðabygging kvennaathvarfsins sem Zonta hefur styrkt verður tekin í notkun um svipað leyti.

Föstudagur 10. September – salur Lyfjafræðingafélagsins

17:00 -19:00 Samhristingur! Zontasystur boðnar velkomnar á landsfund.

Zontaklúbburinn Sunna býður ykkur velkomnar í sal Lyfjafræðingafélagsins Safnatröð 3, Seltjarnarnesi. Skoða, fræðast og skemmtum okkur saman. Margrét Rósa formaður landsfundanefndar býður gesti velkomna og fer yfir dagskrá landsþings. Florealis verða með kynningu á vörum sínum og opið inn í Lyfjafræðisafnið. Léttar veitingar í boði Zontaklúbbsins Sunnu.

Laugardagur 11. september - Hótel Natura

09:00 Skráning og afhending fundargagna.

10:00 Rafrænt umdæmisþing sem þingkonur fylgjast með saman í fundarsal á Hótel Natura. Upplýsingar um umdæmisþingið og skráningu á það er að finna með því að smella á þennan hlekk: https://zonta.nemtilmeld.dk/ Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri verður með kynningu á 112 verkefninu.

13:00 Hádegisverður á Hótel Natura.

14:00 Landsfundur Zontasambands Íslands settur

1. Hildur Helga Gísladóttir formaður Zontaklúbbsins Sunnu
2. Fundarsetning Sigríður Björnsdóttir svæðisstjóri
3. Skipun fundarstjóra og tveggja fundarritara
4. Nafnakall
5. Dagskrá fundarins kynnt
6. Fundargerð síðasta landsfundar - Sigríður Björnsdóttir
7. Skýrsla svæðisstjóra áranna 2020-2021 – Sigríður Björnsdóttir
8. Samþykkt reikninga ZI - Ragnhildur Bjarney Traustadóttir gjaldkeri
9. Skýrslur formanna Zontaklúbba um störf frá síðasta landsfundi

15:30 – 15:45 Kaffihlé

10. Áframhald – skýrslur formanna
11. Kosning varasvæðisstjóra
12. Kosning varaumdæmisstjóra
13. Lagabreytingar
14. Ákvörðun árgjalds og gjalds klúbbanna vegna atkvæðisumboðs. Ragnhildur Bjarney Traustadóttir gjaldkeri
15. Tillögur og ályktanir, sem borist hafa svæðisstjóra eigi síðar en viku fyrir landsfundinn
16. Kosning starfsnefnda á vegum ZI
17. Nefnd þvert á klúbba varðandi Amelíu Erhart og fleiri styrki – óskað er eftir tilnefningum frá öllum klúbbum
18. Kynning á Kvennaathvarfinu
19. Önnur mál

17:00 Heimsókn í nýbyggingu Kvennaathvarfsins sem verið er að opna fyrir nýja íbúa.

18:30 Fordrykkur

19:00 Hátíðarkvöldverður

21:00 Fundarslit

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.

Makar eru velkomnir með á hátíðarkvöldverðinn.

Bestu kveðjur

Sigríður Björnsdóttir svæðisstjóri 3. svæðis.

Skráningarblað fyrir landsfund Zontasambands Íslands á Hótel Natura dagana 10. og 11. september

Fundargjald: 7600.-. Hátíðarkvöldverður og fordrykkur 9600.-.

Skráningarfrestur er til 18. ágúst

Vinsamlega skráið hér frá hvaða klúbbi þið komið og skráið þátttöku í viðburðum dagana.

Greiðslur skulu berast til inn á reikning 101-15-375255 kt 561090-2119.

	Nafn	Klúbbur	Móttaka föstudaskvöld.	Landsfundur	Hátíðarkvöld-verður	Maki með í kvöldv.
1						
2						